

**87. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
9. júlí 2018 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Ása Katrín Bjarnadóttir varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Stefán Þór Steindórsson, byggingarfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1807020 - Fimleikahús Vesturgötu - verksamningur

Umsögn Mannvits á tilboðum Spennt ehf. í byggingu fimleikahúss við Vesturgötu.

Fyrir liggur minnisblað Mannvits varðandi tilboðshafa. Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að semja við Spennt ehf um verkið á grundvelli aðaltilboðs þeirra í verkið.

2. 1806251 - Stillholt 23 - breyting v/ gistiheimilis

Fyrirspurn f.h. Uppbyggingar ehf og S23 ehf. um að fá að breyta efri hæð hússins við Stillholt 23 í gistiheimili í flokki II.

Skipulags- og umhverfisráð semþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2.mgr.43.gr skipulagslaga nr.123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Stillholt 23, Dalbraut 2 og Þjóðbraut 1.

3. 1806114 - Baugalundur 8 - fyrirspurn um breytingu

Beiðni Ragnars M. Ragnarssonar byggingarfræðingi f.h. lóðarhafa að Baugalundi 8, um færslu á bílskúr.

Skipulags- og umhverfisráð semþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2.mgr.43.gr skipulagslaga nr.123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Baugalund nr. 4,6,10,3 og 5

4. 1806232 - Fjólulundur 5-7 - skipulagsbreyting

Umsókn frá Trésmiðjunni Akri ehf. um að fá að breyta bundinni byggarlínu við Fjólulund 5 - 7 frá Trésmiðjunni Akri ehf.

Skipulags- og umhverfisráð semþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2.mgr.43.gr skipulagslaga nr.123/2010.

Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum húsa nr. 4,6,8,9,11 og 13 við Fjólulund

5. 1807028 - Smáraflöt 12-14 - breyting v/ bílskúr

Beiðni um að fá að stækka bílskúra við Smáraflöt 12-14.

Skipulags- og umhverfisráð semþykkir að fram fari grenndarkynning á breytingunni skv. 2.mgr.43.gr skipulagslaga nr.123/2010.

RBB

Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum húsa nr. 1,2,3,4,6,8,10 og 16.

6. 1804119 - Deilisk. Grenjar hafnarsvæði - Krókatún 22-24

Umsögn um athugasemdir vegna grenndarkynningar á breytingu á deiliskipulagi Grenja hafnarsvæðis, vegna byggingar efnisskýlis við Krókatún 22-24.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi umsögn sviðsstjóra við þeim athugasemdum sem bárust við grenndarkynninguna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð (sem starfar í umboði bæjarstjórnar) að grenndarkynningin verði samþykkt og umsögn sviðsstjóra send þeim aðilum er lögðu farm athugasemdir. Deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í B-deild stjórnartíðinda og send á Skipulagsstofnun.

7. 1803121 - Skipulagsmál

Almenn umfjöllun.

Sviðsstjóri fór yfir stöðu skipulagsmála, s.s endurskoðun á aðalskipulagi, deiliskipulag Skógarhverfi 2.áfangi, deiliskipulag í Flóahverfi, þéttingu byggðar, deiliskipulagsbreytingu við Akraneshöfn og deiliskipulagsbreytingu við Grenjar.

8. 1807021 - Gosbrunnur í Skrúðgarðinum (listaverkið "Stúlka með löngu")

Farið yfir framkomnar tillögur um að endurvekja gosbrunn í Skrúðgarðinum við Kirkjubraut 8.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að listaverkið Stúlka með löngu verði endurgert og tjörnin sem listaverkið hefur verið í verði endurvakin. Áætlaður kostnaður við endurgerð listaverksins er kr.550.000,-

Í framhaldinu er umhverfisstjóra falið að koma með tillögu að endurskipulagningu garðsins fyrir gerð framkvæmdaráætlunar 2019.

9. 1807027 - Skógræktarsvæði á Akranesi (Garðalundur og Klapparholt)

Umhirða skógræktarsvæða Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar kynninguna og felur umhverfisstjóra að vinna áfram að framgengi verkefnisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:15.

Sigrún P. Harðarson
Ólafur Örnólfsson
Ása Katrín Bjarnadóttir
Stefnir P. Steindóttir
Ólafur Örnólfsson
Ragnar